

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 878/2014**

2015/EES/8/32

frá 12. ágúst 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efni díklórpróp-P, metkónasól og tríklópýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkið fyrir virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli og tríklópýri fellur úr gildi 31. maí 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnunum. Þar eð kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽³⁾ gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnunum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 3) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.
- 5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, komi „30. apríl 2018“.
 - 2) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 134, metkónasól, komi „30. apríl 2018“.
 - 3) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 136, tríklópýr, komi „30. apríl 2018“.
-